

Svartþrastarhreiður í beinni

Svartþröstur er tiltölulega nýr varpflugl í Siglufirði. Ekki eru nema örfá ár síðan það fékkst staðfest. Nú er hann kominn víða í garða, sem og inn í Skarðdalsskóg.

Landinn hefur verið með beina útsendingu frá svartþrastahreiðri að undanfögnu og verður það næstu vikurnar. Ekki kemur fram hvar á landinu það er. Í hreiðrinu eru þrjú egg og ungar eru sagðir munu klekjast út á næstu dögum.

Útsendingin er unnin í samvinnu við Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmann og fuglaáhugamann.

Sjá [hér](#).

Mynd: Skjaskot af vef RÚV.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.